

Upplýsingar um umsækjanda

Nafn einhleypings / eldri maka	Kennitala
Nafn yngri maka	Kennitala

Umsækjandi staðfestir að hann uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði til lánsveðsvaxtabóta:

- Umsækjandi keypti eða hóf byggingu á íbúðarhúsnæði til eigin nota á tímabilinu frá 1. janúar 2004 til 31. desember 2008.
- Umsækjandi tók lán til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota, tryggt með veði í fasteign í eigu annars einstaklings.
- Getið var um lán með lánsveði meðal lána til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota á skattframtölum 2010 og 2011. Ef íbúð var seld á árinu 2009 nægir að láns hafi verið getið á skattframtali 2010.
- Eftirstöðvar allra fasteignaveðlána vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota á árunum 2009 og 2010 voru umfram 110% af fasteignamati sama íbúðarhúsnæðis í árslok 2010 eða á söludegi ef íbúð var seld fyrir árslok 2010.
- Umsækjandi hafi ekki fengið höfuðstól láns vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota lækkaðan við sölu eða á annan hátt fyrir 9. apríl 2013.

Ekki skal skila gögnum með umsókn. Ríkisskattstjóri mun afla gagna frá lánveitanda um lán með lánsveði. Ef þörf er á frekari skýringum eða gögnum frá umsækjanda verður óskað eftir þeim sérstaklega.

Dagsetning

Undirskrift

Undirskrift

Umsókn má skila á starfsstöð ríkisskattstjóra eða í tölvupósti - rsk@rsk.is

Skýringar

Lánsveðsvaxtabætur eru ákvarðaðar skv. bráðabirgðaákvæði LII í lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt. Maður sem hefur keypt eða hafið byggingu á íbúðarhúsnæði til eigin nota frá 1. janúar 2004 til 31. desember 2008 og tók lán til öflunar þess húsnæðis tryggt með veði í fasteign annars einstaklings, á rétt á lánsveðsvaxtabótum. Með eigin notum er átt við að eigandinn nýti íbúðarhúsnæðið til þess að búa í því sjálfur. Skilyrði er að íbúðarhúsnæðið hafi verið í eigu hans á tímabilinu frá og með 1. janúar 2009 til og með 31. desember 2010, um lengri eða skemmri tíma, að eftirstöðvar allra fasteignaveðlána vegna sama húsnæðis hafi þá verið umfram 110% af fasteignamati og einnig að hann hafi ekki fengið höfuðstól þeirra lána lækkaðan við sölu eða á annan hátt fyrir 9. apríl 2013.

Umsóknarfrestur er til 15. september 2013. Ríkisskattstjóra er þó heimilt að taka til greina umsóknir sem berast fyrir 15. september 2015.

Umsóknir sem berast fyrir lok umsóknarfrests verða afgreiddar svo fljótt sem unnt er, þó eigi síðar en 17. mars 2014.